

Textar



**HARMONÍU
KÓRINN**

Jólin 2018 - Árbæjarkirkja

Útg. 2

Sjá, himins opnast hlið

Sjá, himins opnast hlið,
heilagt engla lið
fylking sú hin fríða
úr fagnaðarins sal
fer með boðun blíða
og blessun lýsa skal
:,: yfir eymdadal :,:

Með fegins fregn ég kem
fæðst í Betlehem
blessað barn það hefur,
er birtir Guð á jörð
frið og frelsi gefur
og fallna reisir hjörð
:,: þökk sé Guði gjörð :,:

Á hæstri hátíð nú,
hjarta fólgin trú,
honum fagni´ og hneigi
af himni´ er kominn er
sál og tunga segi
með sælum engla her.
:,: Dýrð sé Drottinn þér :,:.

Björn Halldórsson frá Laufási

Ó Jesú, barn

Ó, Jesúbarn, þú kemur nú í nótt,
og nálægð þína ég í hjarta finn.
Þú kemur enn, þú kemur undrahljótt,
í kotin jafnt og hallir fer þú inn.

Þú kemur enn til þjáðra' í heimi hér
með huggun kærleiks þíns og æðsta von.
Í gluggaleysið geisla inn þú ber,
því guðdómsljóminn skín um Mannsins son.

Sem ljós og hlýja' í hreysi dimmt og kalt,
þitt himneskt orð burt máir skugga' og synd.
Þín heilög návist helgar mannlegt allt,
í hverju barni sé ég þína mynd.

Jakob Jóhannesson Smári

Cantate Domino

Cantate Domino.

Canticum novum.

Laus ejus in Ecclesia sanctorum.

Ding dong

Ding, dong, dinge, dinge, dong!
Nú klukkur himins klingja!
Fjölda engla fyrir ber,
um frið á jörðu syngja

[Gloria] dinge dinge dong
osanna in excelsis!

Hljóma klukkur heims um ból
til hátíðar skal bjóða.
Fögnum öll um friðarjól
með frelsaranum góða.

[Gloria] dinge dinge dong
osanna in excelsis!

Ding, dong, yfir mörk og mið
skal klukkan helga hljóma
Boðar gleði, farsæld, frið
vorn fögnuð látum óma.

[Gloria] dinge dinge dong
osanna in excelsis!

Gunnlaugur V. Snævarr

Hallelujah Chorus

Hallelujah.

For the Lord omnipotent reigneth.

The kingdom of this world

is become the kingdom of our Lord

and of his Christ

and he shall reign forever and ever.

King of Kings and Lord of Lords.

Amen.

Allsherjar Drottinn

Verði' á oss vilji þinn
vernda þú hug og sál,
sorg þegar svíður,
send að hugga kærleik þinn.

Freisting ef fellur á
frelsa þú oss í neyð.
Heyr vora hjartans bæn.
Lof sé þér Drottinn,
dýrð sé þér.

Ókunnur

Fögur er foldin

Fögur er foldin,
heiður er guðs himinn,
indæl pílgríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílgrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng er aldrei þver:
Friður á foldu
fagna þú maður:
Frelsari heimsins fæddur er.

Matthías Jochumsson

Nóttin var sú ágæt ein

Nóttin var sú ágæt ein,
í allri veröld ljósið skein.

Það er nú heimsins þrautar mein,
að þekkja' `hann ei sem bæri.

:,:Með vísnasöng ég vögguna þína hræri.:,:

Í Betlehem var það barnið fætt,
sem best hefur andar sárin grætt,
svo hafa englar um það rætt
sem endurlausnarinn væri.

:,:Með vísnasöng ég vögguna þína hræri.:,:

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,
þeir fundu bæði Guð og mann,
í lágan stall var lagður hann,
þó lausnarinn heimsins væri.

:,:Með vísnasöng ég vögguna þína hræri.:,:

Lofið og dýrð á himnum hátt,
honum með englum syngjum þrátt,
friður á jörðu og fengin sátt,
fagni því menn sem bæri.

:,:Með vísnasöng ég vögguna þína hræri.:,:

Einar Sigurðsson frá Heydölum

Alleluia

Gloriana.

Alleluia.

Amen.

Jólin allsstaðar

Jólin, jólin allsstaðar
með jólagleði og gjafirnar.
Börnin stóreyg standa hjá
og stara jólaljósini á.
Jólaklukkan boðskap ber
um bjarta framtíð handa þér
og brátt á himni hækkar sól.
Við höldum heilög jól.

Jóhanna G. Erlingsson

Ó, helga nótt - (kórviðlag)

Föllum á kné, nú fagna himins englar,
frá barnsins jötu blessun streymir,
blítt og hljótt til þín.
Ó, helga nótt, ó, heilaga nótt.

Föllum á kné, nú fagna himins englar,
hjá lágum stalli lífsins kyndill,
ljómafagur skín.
Ó, helga nótt, ó, heilaga nótt.

Sigurður Björnsson

Nú mega jólin koma fyrir mér

Á fyrsta sunnudegi aðventunnar
ég ek til kaupmannsins í einum rykk,
því þó að fjárhirslurnar reynist grunnar
ég geri vel við mig í mat og drykk.
Ég kaupi sæta brauð og súkkulaði
súpur og ávexti og kjöt og smér,
klyfjaður góssi burt ég held með hraði
og hleð í skottið allskyns gúmmelaði,
þá mega jólin koma fyrir mér.

Á öðrum sunnudegi aðventunnar,
alhliða hreinsunarstarf á sér stað,
þá söngperlur ég söngla ýmsum kunnar
og síðan læt ég renní funheitt það.
Þá allar spjarirnar ég af mér reyti
og öllum deginum við þvotta ver,
ég skrúbba tær og skegg og lubba bleyti
og skef úr eyrum svona' að mestu leyti,
þá mega jólin koma fyrir mér

Á þriðja sunnudegi aðventunnar
andlegu hliðinni ég geri skil,
en til að virka skulu viskubrunnar
sko vera rakir eða þar um bil.
Það stoðar lítt að sitja einn með ekka
örlögum heimsins velta fyrir sér
en ég verð heimsins mesta mannvitsbrekka
á meðan ég fæ bara nóg að drekka,
þá mega jólin koma fyrir mér.

Á fjórða sunnudegi aðventunnar
ég æði um húsið til að gera allt fínt
en skreytingarnar eru aðeins þunnar
því árans skrautið virðist mest allt týnt.
Ég skvetti sápuvatni á gólf og glugga
og gref upp nokkuð heillegt sængurver,
við bústnum rykmaurum ég reyni að stugga
og ryð svo þvottinum í næsta skugga,
þá mega jólin koma fyrir mér.

Loks þegar aðfanganna dag að drífur
ég dreg fram spariföt og flibbahnapp,
svo þegar skyrtukraginn stendur stífur
ég stari' í spegilinn og gef mér klapp.
Því jólin eru tími til að þakka
og taka ofan fyrir þeim sem ber,
á meðan ég hef matarögn að smakka
og meðan ég fæ risavaxin þakka,
þá mega jólin koma fyrir mér.

Bragi Valdimar Skúlason

Dansaðu vindur

1

Kuldinn, hann kemur um jólin
með kolsvarta skugga,
krakkarnir kúra í skjóli
hjá kerti í glugga.

2, 4

Vindur, já dansaðu vindur,
er vetur og kuldi gefa nýjan þrótt.
Vindur, já dansaðu vindur,
vertu á sveimi' um kalda jólanótt.

3

Núna nístir í snjónum
um nóttina svörtu
nærast á takti og tónum
titrandi hjörtu.

5, 7, 8

Vindur, já, dansaðu vindur.
Að vetri fá börn að finna húsaskjól.
Vindur, já, dansaðu vindur!
Veturinn færir börnum heilög jól.

6

Úti fær vindur að valda,
voldugum tónum.
Núna nötrar af kulda
nóttin í snjónum

Kristján Hreinsson

Heims um ból

Heims um ból, helg eru jól;
Signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind
:,: meinvill í myrkrunum lá. :,:

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
liggur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:,: konungur lífs vors og ljóss. :,:

Heyra má himnum í frá
englasöng: "Allelújá".
Friður á jörðu, því Faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:,: samastað Syninum hjá. :,:

Sveinbjörn Egilsson